

# Sjálfsmatsskýrsla gæðaráðs Keilis

## 2018 - 2019



**Keilir**  
Miðstöð vísinda,  
fræða og atvinnulífs

# Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT.....	2
1. GÆÐASTEFNA KEILIS .....	3
2. GÆÐARÁÐ.....	4
3. MAT Á SKÓLASTARFI.....	4
4. HELSTU VERKEFNI 2018 – 2019 .....	5
5. NIÐURSTÖÐUR KANNANA.....	6
5.1 KENNSLA OG KENNSLUHÆTTIR .....	6
5.2 ÞJÓNUSTUKÖNNUN OG KÖNNUN UM LÍÐAN NEMENDA .....	6
5.3 NÁMS- OG STARFSGENGI NEMENDA SEM ÚTSKRIFAÐIR ERU .....	12
6. ÚTTEKT Á STÖÐU EIGNA .....	12
7. STARFSMANNASAMTÖL .....	12
8. SJÁLFSMATSÁÆTLUN OG MARKMIÐSSETNING.....	12
9. GÆÐAMÁL FLUGAKADEMÍU.....	12
10. SKRÁNINGARBROTTFALL .....	12
11. EINKUNNADREIFING.....	13
12. ALDUR, KYN OG BÚSETA NEMENDA.....	13
14. MAT Á PRÓFUM.....	14
15. SJÁLFSMATSSKÝRSLA KENNARA.....	14
16. BROTTFALL EFTIR AÐ NEMENDUR ERU BYRJADIR Í NÁMI .....	14
17. MARKMIÐ NÆSTA ÁRS HJÁ GÆÐARÁÐI .....	15
18. SAMANTEKT .....	15

# 1. Gæðastefna Keilis

Gæðastefna Keilis er sett undir forystu framkvæmdastjóra Keilis. Hann ber ábyrgð á því að gæðastefnan sé í samræmi við markmið og starf Keilis. Framkvæmdastjóri skal sjá til þess að gæðastefnunni sé viðhaldið.

Gæðastefna Keilis er birt á sérstöku skjali og er einnig aðgengileg á gæðavef Keilis, Gopro.

Hlutverk Keilis er að veita nemendum sínum og viðskiptavinum sem besta þjónustu. Lögð er áhersla á að skapa sem heilbrigðast umhverfi fyrir nemendur og starfsfólk þannig að allir geti sinnt hlutverki sínu innan fyrirtækisins – hvort heldur er í námi eða annarri vinnu.

Sérstakt gæðaráð skal leitast við að starfsemin taki sem mest mið af markmiðum starfseminnar. Í því skyni stuðlar gæðaráð að innra eftirliti, ytri úttektum sem og tillögum til úrbóta eftir því sem kostur er. Skal stöðugt leitað eftir samstarfi nemenda og starfsfólks í þessu skyni. Unnið er á grundvelli laga um framhaldsskóla 92/2008 með síðari breytingum sem og samningi Keilis við Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Gæðaráð er skipað sjö einstaklingum, völdum af framkvæmdastjóra.

Samkvæmt gæðastefnu Keilis skal stöðugt leitast við að:

- Halda uppi skýru og reglulegu innra eftirliti með úttektum og tengja við gæðastjórnun Keilis. Leita jafnframt eftir ytra eftirliti sem þjóna markmiðum gæðastefnu
- Safna sem gleggstum upplýsingum um árangur af skólastarfi, þ.m.t. árangur á prófum, umsögnum um kennara og starfsfólk, árangur nemenda að námi loknu, líðan nemenda og starfsfólks í skólanum og annað sem kann að þjóna gæðamarkmiðum
- Endurskoða reglulega gæðamarkmið
- Taka út reglulega styrkleika og veikleika í starfinu
- Sjá til þess að öllum markmiðum, s.s. um fjölskyldustefnu, jafnréttisstefnu, umhverfisstefnu og fjárhagslegri ábyrgð sé fylgt
- Tryggja að starf Keilis sé í samræmi við lög, reglugerðir og samninga er snerta starfið á einhvern hátt og sjá til þess að réttindi allra séu virt
- Gagnkvæm virðing sé ráðandi í umgengni þeirra er starfa og nema innan Keilis
- Setja ný markmið um aukna þjónustu

Við gerð skýrslunnar lágu ekki fyrir fyllilega sambærilegar tölur um þróun menntunarstigs á Suðurnesjum, en Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum er að taka slíkar tölur saman.

Það hefur þegar aflað talna um menntunarstig 25-69 ára íbúa sveitarfélaga á Suðurnesjum 1. janúar 2019.

## 2. Gæðaráð

Árið 2018 – 2019 voru eftirfarandi starfsmenn í gæðaráði:

- Anna María Sigurðardóttir, Menntasviði
- Berglind Kristjánsdóttir, Háskólabrú
- Fjóla Þórdís Jónsdóttir, Menntasviði
- Rannveig Erla Guðlaugsdóttir, Flugakademíu
- Rúnar Árnason, Flugakademíu
- Arnar Hafsteinsson, Íþróttakademíu
- Ásta Gunnarsdóttir, Fjármáladeild

Þessi skýrsla gerir grein fyrir niðurstöðum úttekta og athugana sem gerðar hafa verið innan Keilis skólaárið 2018 – 2019.

## 3. Mat á skólastarfi

Gæðaráð heyrir undir framkvæmdastjórn Keilis og vinnur eftir meginmarkmiðum þess og samkvæmt gæðahandbók Keilis. Gæðaráð sér til þess að innri úttektir séu framkvæmdar og heldur til haga öllu sem við kemur gæðamálum hjá Keili. Um miðja hverja önn metur gæðaráð hvort markmiðum sé fylgt eftir og frávikum sé lokað.

Megin verkefni gæðaráðs Keilis eru:

- Hefur umsjón með framkvæmd á innri úttektum
- Setur gæðamarkmið Keilis í samráði við framkvæmdastjórn
- Innra eftirlit með daglegum rekstri Keilis
- Starfsmannastefna
- Starfsmannamál
- Gæðastefna og uppfærsla á gæðahandbók
- Úrvinnsla á niðurstöðum úttekta
- Tillögur til úrbóta við framkvæmdastjórn
- Tryggja gæði náms

Litið er á gæðastjórnun skólans sem lið í daglegum rekstri hans. Í Keili er unnið að því að bæta gæði skólastarfsins með hliðsjón af eftirfarandi gæðamarkmiðum.

## 4. Helstu verkefni 2018 – 2019

Á skólaárinu 2018–2019 vann skólinn markvisst að framkvæmd sjálfsmats í samræmi við áætlun um innra mat árið 2018–2019. Fjöldi innri úttekta voru framkvæmdar og fjöldi kannana voru sendar út og þar sem stór hluti nemenda okkar er af erlendu bergi brotinn voru flestar kannanir einnig sendar út á ensku.

Keilir hætti að nota gæðakerfið Quality One þar sem Keilir var að skipta um skjalastjórnunarkerfi og skipt var yfir í Gopro. Mikil vinna fór í að flytja öll gögn yfir og tókum við þátt í þróunarvinnu á nýja gæðavefnum okkar sem var tilbúinn í lok nóvember. Jafnframt var farið í þá vinnu að endurskoða alla ferla og uppfæra í öllum deildum nema í Flugakademíu. Í þessari vinnu voru þó nokkuð af nýjum ferlum teiknaðir upp og settir á gæðavefinn.

Á starfsárinu voru eftirfarandi atriði metin:

	Haustönn	Vorönn	Úttektaraðili
Kennsla og kennsluhættir	x	x	Menntasvið
Skráningarbrottfall	x	x	Menntasvið/fjármálasvið
Einkunnadreifing	x	x	Inna
Líðan nemenda og þjónusta skólans		x	Gæðaráð
Starfsmannasamtöl		x	Næsti yfirmaður
Aldur, kyn og búseta nemenda	x	x	Menntasvið
Úttekt á stöðu eigna		x	Allar deildir
Gera upp sjálfsmatsáætlun, markmiðssetning		x	Framkvæmdastjórn
Náms- og starfsgengi útskrifaðra nemenda		x	Allar deildir
Gæðakönnun fyrir flugakademíu	x	x	Flugakademía
Ársskýrsla deilda		x	Allar deildir
Mat á prófum (á þó ekki við Flugakademíu)	x	x	Menntasvið/deildir
Ánægjukönnun starfsfólks Keilis		x	Menntasvið
Prófanir í tölvudeild	x	x	Tölvudeild
Uppsetning á áföngum í Moodle	x	x	Menntasvið
Brottfall eftir að nemendur byrja í námi	x	x	Allar deildir
Sjálfsmatsskýrsla kennarar	x	x	Allar deildir
Gæði í upptökum í Moodle	x	x	Menntasvið/deildarstjórar

## 5. Niðurstöður kannana

Í niðurstöðum kannana sem birtar eru hér neðar vantar setningar þar sem nemendur fengu að tjá sig um það sem betur má fara og hvað vel er gert. Þetta er gert vegna þess að margir starfsmenn eru nefndir nöfnum og því ekki ásættanlegt að birta það opinberlega.

### 5.1 Kennsla og kennsluhættir

Veturinn 2018 til 2019 voru kennslukannanir lagðar fyrir í 153 áföngum í heildina. Sendur var út spurningarlisti til nemenda í gegnum tölvupóst. Forstöðumaður hverrar deildar fer yfir niðurstöður kennslukönnunar með viðkomandi kennara og kemur með tillögur að úrbótum ef þörf þykir og hvetur kennara til að halda því áfram sem vel er gert.

Á vorönn 2019 voru haldnir sex matsfundir í tveimur deildum Keilis. Valdir voru af handahófi fjórir til átta nemendur úr hverjum hóp eftir stærð hópa. Tveir starfsmenn á Menntasviði héldu utan um fundina. Annar starfsmaðurinn stjórnaði og hinn skræði niður umræðurnar. Byrjað var á því að fara jákvæðan hring þar sem hópurinn fjallaði um það sem er jákvætt við kennsluhætti, skipulag kennslu, námsefni og aðbúnað. Því næst var farinn hringur þar sem nemendur fengu tækifæri til þess að tjá sig um þau atriði sem mættu betur fara að þeirra mati. Öll svör voru skræð niður til úrvinnslu en fyllsta trúnaðar er gætt á þessum fundum. Farið er yfir niðurstöður með forstöðumanni viðkomandi deildar.

### 5.2 Þjónustukönnun og könnun um líðan nemenda

Á vorönn fór fram þjónustukönnun og könnun um líðan nemenda. Í könnuninni var meðal annars spurt um líðan nemenda í skólanum, ánægju með námið, þjónustu og viðmót starfsfólks og tengsl við samnemendur ásamt spurninga um ánægju með mótuneyti, heimasíðu, tölvuþjónustu og námsráðgjöf. Almennt voru nemendur sáttir og niðurstöður voru í samræmi við markmið um ánægða nemendur. Sem dæmi voru 86% svarenda ánægðir eða mjög ánægðir með það nám sem þeir stunda. Í könnuninni var opin spurning um hvað nemendur væru ánægðastir með og hvað mætti bæta. Það sem nemendur voru ánægðastir með voru kennsluhættir, góðir kennarar, námsráðgjafar, uppsetning fjarnáms og persónuleg og góð þjónusta. Það sem þeir vildu helst bæta var mest tengt húsnæði skólans eins og t.d. stólar í kennslustofum, salerni, loftgæði og fleiri bílastæði. Farið var yfir niðurstöður í framkvæmdastjórn og skoðað hvort hægt væri að gera enn betur. Þá fékk hver deildarstjóri sundurliðuð svör fyrir sína deild til að rýna í og skoða hvað væri hægt að bæta.

Hér má sjá helstu niðurstöður einstakra spurninga úr könnuninni.

KYN NEMENDA		
Svar	Fjöldi	Hlutfall
Kona	66	66,67%
Karl	33	33,33%
Annað	0	0%
Samtals	99	100%

ALDUR NEMENDA		
Svar	Fjöldi	Hlutfall
18 - 30 ára	53	53,54%
31 - 35 ára	15	15,15%
36 - 40 ára	11	11,11%
41 árs eða eldri	20	20,20%
Samtals	99	100%

HVADA NÁM STUNDAR ÞÚ?		
Svar	Fjöldi	Hlutfall
Háskólabró staðnám	17	17,17%
Háskólabró fjarnám	47	47,47%
ÍAK einkaþjálfaranám	7	7,07%
ÍAK styrktarþjálfaranám	8	8,08%
Atvinnuflugmannsnám	12	12,12%
Flugvirkjanám	4	4,04%
Ævintýraleiðsögunám	0	0%
Fótaaðgerðafræði	4	4,04%
Nordic Personal Training Certificate (NPTC)	0	0%
Samtals	99	100%

### ERTU AÐ GLÍMA VIÐ EITTHVAÐ AF EFTIRFARANDI?

Svar	Fjöldi	Hlutfall
Lesblindu	12	8,11%
Athyglisbrest	19	12,84%
Ofvirkni	7	4,73%
Talnablindu	2	1,35%
Þunglyndi	17	11,49%
Kviða	37	25,00%
Annað - Hvað?	8	5,41%
Ekkert af ofantöldu	46	31,08%
Samtals	148	100%

Annað	Fjöldi
1	Er með heilaskaða eftir slys
2	Bípólar/geðhvarfasýki
3	Áfallastreitu
4	Stress

### HVERSU VEL HEFURÐU TENGST SAMNEMENDUM ÞÍNUM?

Svar	Fjöldi	Hlutfall
Vel yfir meðallagi	20	20,20%
Yfir meðallagi	17	17,17%
Í meðallagi	46	46,46%
Undir meðallagi	9	9,09%
Vel undir meðallagi	7	7,07%
Samtals	99	100%

### HEFURÐU FUNDIÐ FYRIR VANLÍÐAN Í SKÓLANUM?

Svar	Fjöldi	Hlutfall
Já	21	21,21%
Nei	78	78,79%
Samtals	99	100%



### EF JÁ, HVAÐ HEFUR HELST VALDIÐ ÞÉR VANLÍÐAN?

Svar	Fjöldi	Hlutfall
Samnemendur	3	7,32%
Námið	12	29,27%
Kennarar	7	17,07%
Annað starfsfólk	2	4,88%
Persónulegar aðstæður	11	26,83%
Einelti	1	2,44%
Annað	5	12,20%
Samtals	41	100%

### HEFURÐU ORÐIÐ VÖR/VAR VIÐ AÐ NEMENDUM SÉ MISMUNAD EFTIR KYNI, ALDRI, ÞJÓÐERNI EÐA ÖÐRU SLÍKU Í SKÓLANUM?

Svar	Fjöldi	Hlutfall
Já - þá hvernig?	4	4,12%
Nei	93	95,88%
Samtals	97	100%

Annað	Fjöldi
1	I've noticed that the foreigners get more flights booked than the locals, it's a bit unfair
2	Depends on what you are studying

### HVERSU ÁNÆGD/UR ERTU MEÐ NÁMIÐ?

Svar	Fjöldi	Hlutfall
Mjög ánægð/ur	50	51,02%
Ánægð/ur	34	34,69%
Í meðallagi	8	8,16%
Óánægð/ur	3	3,06%
Mjög óánægð/ur	3	3,06%
Samtals	98	100%

### HVERSU ÁNÆGÐ/UR ERTU MEÐ AÐSTÖÐUNA Í KEILI?

Svar	Fjöldi	Hlutfall
Mjög ánægð/ur	38	38,78%
Ánægð/ur	35	35,71%
Í meðallagi	17	17,35%
Óánægð/ur	4	4,08%
Mjög óánægð/ur	4	4,08%
Samtals	98	100%

### HVERSU ÁNÆGÐ/UR ERTU MEÐ ÞJÓNUSTU OG VIÐMÓT STARFSFÓLKIS KEILIS?

Svar	Fjöldi	Hlutfall
Mjög ánægð/ur	52	53,61%
Ánægð/ur	32	32,99%
Í meðallagi	7	7,22%
Óánægð/ur	4	4,12%
Mjög óánægð/ur	2	2,06%
Samtals	97	100%

### HVERSU ÁNÆGÐ/UR ERTU MEÐ NÁMSRÁÐGJÖF KEILIS?

Svar	Fjöldi	Hlutfall
Mjög ánægð/ur	48	49,48%
Ánægð/ur	17	17,53%
Í meðallagi	4	4,12%
Óánægð/ur	1	1,03%
Mjög óánægð/ur	1	1,03%
Hef ekki nýtt mér þjónustuna	26	26,08%
Samtals	97	100%

### HVERSU ÁNÆGD/UR ERTU MEÐ TÖLVUÞJÓNUSTU KEILIS?

Svar	Fjöldi	Hlutfall
Mjög ánægð/ur	43	43,43%
Ánægð/ur	25	25,25%
Í meðallagi	7	7,07%
Óánægð/ur	2	2,02%
Mjög óánægð/ur	1	1,01%
Hef ekki nýtt mér þjónustuna	21	21,21%
Samtals	99	100%

### HVERSU ÁNÆGD/UR ERTU MEÐ HEIMASÍÐU KEILIS?

Svar	Fjöldi	Hlutfall
Mjög ánægð/ur	28	28,28%
Ánægð/ur	30	30,30%
Í meðallagi	28	28,28%
Óánægð/ur	3	3,03%
Mjög óánægð/ur	8	8,08%
Hef ekki nýtt mér heimasíðu Keilis	2	2,02%
Samtals	99	100%

### HVERSU ÁNÆGD/UR ERTU MEÐ MÖTUNEYTIÐ Í KEILI?

Svar	Fjöldi	Hlutfall
Mjög ánægð/ur	17	17,35%
Ánægð/ur	26	26,53%
Í meðallagi	19	19,39%
Óánægð/ur	4	4,08%
Mjög óánægð/ur	2	2,04%
Hef ekki nýtt mér mötuneytið	30	30,61%
Samtals	98	100%

### 5.3 Náms- og starfsgengi nemenda sem útskrifaðir eru

Á liðnu ári sendu deildarstjórar flugakademíu, háskólabrúar og íþróttakademíu út könnun um náms- og starfsgengi til þeirra nemenda sem útskrifuðust árið 2018.

## 6. Úttekt á stöðu eigna

Það er markmið Keilis að öll aðstaða innan skólans sé til fyrirmyndar og að hinir ýmsu innanstokksmunir séu fyrir hendi. Húsnæðissvið gerði úttekt á húsnæði og búnaði skólans með þar til gerðum eyðublöðum, bæði frá vinnueftirlitinu og eyðublöðum frá húsnæðissviði. Einnig gerði Íþróttakademía eignaskráningu í verklegri aðstöðu.

## 7. Starfsmannasamtöl

Á liðnu skólaári tóku stjórnendur starfsmannasamtöl við fastráðna starfsmenn. Í ár voru samtölin formleg og m.a. rætt um hvað má betur fara varðandi vinnu starfsfólks, hvaða atriði eru sérlega jákvæð, hvernig starfsfólki finnst samstarfið innan Keilis vera, hvað ætti helst að breytast hjá Keili, líðan, vinnuálag, fræðslu og starfsþróunarþarfir og fleira. Sex mánuðum eftir viðtalið ber stjórnendum að fara yfir niðurstöður og meta hvort það sé búið að vinna úr því sem vinna þurfti úr.

## 8. Sjálfsmatsáætlun og markmiðssetning

Í byrjun október hélt framkvæmdastjórn Keilis stefnumótunarfund í Svartsengi þar sem m.a. var farið yfir heimsókn Menntasviðs og Háskólabrúar í Menntaskólann á Tröllaskaga, stöðuna á vandinámi, stöðuna í einstökum deildum og hvernig framkvæmdastjórn sér fyrir sér framtíð húsnæðis Keilis og að lokum voru ræddar hugmyndir um framtíð Keilis.

## 9. Gæðamál Flugakademíu

Flugakademía Keilis er með gæðastjóra í fastri vinnu sem sér um að taka út öll gæðamál fyrir flugakademíuna og fer yfir allar niðurstöður með flugmálastjórn.

## 10. Skráningarbrottfall

Fylgst var með skráningarbrottfalli í skólanum bæði á haustönn og vorönn, það skráð og sent til gæðaráðs.

## 11. Einkunnadreifing

Einkunnadreifingu er hægt að nálgast á Innu hvenær sem er og reglulega fara deildir yfir einkunnadreifingu í sínum deildum til að hafa til hliðsjónar í stefnumótunarvinnu.

## 12. Aldur, kyn og búseta nemenda

Menntasvið tekur saman aldur, kyn og búsetu nemenda. Hér að neðan er að finna töflu sem inniheldur fjöldatölur nemenda og meðalaldur þeirra. Þetta eru nemendur í Háskólabrú, ÍAK einka- og styrktarþjálfaranámi fótaaðgerðafræði, ævintýraleiðsögn og flugakademíu á haustönn 2018 og vorönn 2019.

Námsleið	Fjöldi		Meðalaldur	
	Haustönn 2018	Vorönn 2019	Haustönn 2018	Vorönn 2019
Háskólabrú staðnám á Ásbrú	43	49	30 ára	29 ára
Háskólabrú fjarnám	271	256	32 ára	31 árs
ÍAK einka- og styrktarþjálfaranám	40	43	27 ára	29 ára
Flugakademía	275	228	26 ára	26 ára
Fótaaðgerðafræði	16	7	38 ára	37 ára
Ævintýraleiðsögunám	14	14	26 ára	26 ára

Í háskólabrú, ÍAK námi og ævintýraleiðsögn eru konur í meirihluta en þó er kynjahlutfallið í ævintýraleiðsögunáminu mjög lítið eða átta kvenkyns nemendur og sex karlkyns. Í flugakademíu Keilis eru karlar í miklum meirihluta. Í fótaaðgerðanáminu eru einungis konur.

Nemendur Keilis koma víða að en hér að neðan er finna töflu sem sýnir búsetu nemenda eftir landshlutum en flestir nemenda eru búsettir á Höfuðborgarsvæðinu.

Landshlutar	Haustönn 2018	Vorönn 2019
Háskólabrú staðnám á Ásbrú	2%	1%
Erlendis	2%	2%
Höfuðborgarsvæðið	51%	54%
Norðurland	5%	5%
Reykjaneskagi	30%	26%
Suðurland	7%	8%
Vesturland	3%	4%

## 14. Mat á prófum

Kennarar eru ábyrgir fyrir gerð sinna prófa. Í Keili eru haldin mörg próf og settar eru kröfur á kennara að vera með samræmt útlit á prófum og ákveðnar grunn upplýsingar verða að vera á forsíðu allra prófa. Hver deildarstjóri og prófstjóri fer yfir heildarútlit prófa fyrir hvert próf svo samræmi sé á milli allra deilda. Deildarstjóri fer yfir dreifingu einkunna ef hann telur ástæðu til.

## 15. Sjálfsmatsskýrsla kennara

Kennarar í tveimur deildum Keilis hafa haldið áfram því tilraunverkefni að fylla út sjálfsmatsskýrsla eftir að þeir hafa lokið áfanga. Þá meta kennarar sjálfa sig hvað gekk vel og hvað þeir hefðu viljað gera betur og sendu til síns forstöðumanns. Þeir kennarar sem gera þetta finnst mjög gott að fara í slíka ígrundun og segjast munu nýta sér hana til að betrubæta áfangann næst þegar hann er kenndur.

## 16. Brottfall eftir að nemendur eru byrjaðir í námi

Ný úttekt hjá Keili þetta árið var að hver deild tók saman brottfall hjá nemendum eftir að þeir eru byrjaðir í námi og sendir niðurstöður á gæðaráð.

## 17. Markmið næsta árs hjá gæðaráði

Keilir hefur nú hafið kennslu á stúdentsbraut og þar með hefur fjölgað brautum hjá Keili sem er undir eftirliti Menntamálastofnunar. Áskoranir gæðaráðs næsta árið er að uppfylla kröfur um góð gæði námsins með markvissri vinnu stjórnenda og gæðaráðs í samvinnu við starfsfólk og nemendur. Hefðbundnum verkefnum og úttektum verður haldið áfram, ferlar endurskoðaðir og nýir ferlar búnir til í samvinnu við starfsfólk.

## 18. Samantekt

Gæðamál hafa gengið ágætlega á árinu. Mikill tími eða nánast öll haustönnin fór í að færa allt efni frá gæðavef One system yfir í gæðavef Gopro. Á vorönn var svo allt efni yfirfarið á gæðavef í samvinnu við allar deildir nema flugakademíu, en ákveðið var að geyma það vegna sameiningarferlis Flugskóla Íslands og Flugakademíu Keilis. Fjöldi kannana var sendur út ásamt fjölda úttekta og vann gæðaráð markvisst að framkvæmd sjálfsmats í samræmi við áætlun um innra mat árið 2018–2019. Ágætlega tókst að innheimta innri úttektir frá deildum og þær skiluðu sér allar. Á komandi ári er stefnt að því að fá stjórnendur, nemendur og starfsfólk í markvissa vinnu í að bæta gæði náms hjá Keili enn frekar.

Framkvæmdastjóri Keilis og gæðaráð hefur aðgang að niðurstöðum allra kannana og annars innra mats inni á lokuðu drifi sem kallast gæðaráð og inni á Gopro. Einnig hefur verið farið yfir hverja könnun fyrir sig með næsta deildastjóra og á framkvæmdastjórafundi ef við á.